



## Gagnvirkar hraðahindranir. Katrín Halldórsdóttir. Vegagerðin – febrúar 2022.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Hraðakstur er víða vandamál í umferðinni og á hverju ári verður fjöldi slysa sem má rekja til hraðaksturs. Verði slys aukast líkur á meiðslum því meiri sem hraði ökutækja er. Hraði ökutækja hefur áhrif á viðbragð ökumanna, því meiri sem hraðinn er eiga ökumenn erfiðara með að bregðast við á öruggan hátt, komi eitthvað upp á, auk þess eykst hemlunarvegalengd og auknar líkur eru á að ökumaður missi stjórn á ökutæki sínu<sup>1</sup>. Þjóðvegir á Íslandi eru hannaðir út frá ákveðnum hraða, hönnunarhraða (Vh). Í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar er hönnunarhraði (Vh) skilgreindur sem sá hámarkshraði umferðar sem vegur eða vegkafla er hannaður fyrir<sup>2</sup>. Hönnunarhraðinn er valinn út frá umferðaröryggissjónarmiðum og aðstæðum hverju sinni.

Hönnunarhraði (Vh) skal vera jafn eða meiri en leyfilegur hámarkshraði. Víða á þjóðvegakerfinu er reynt að hafa áhrif á ökuhraða með leiðbeinandi hraðaskiltum. Þessi skilti eru upplýsingamerki með það að markmiði að upplýsa vegfarendur um að akstur á leyfðum hámarkshraða sé óráðlegur vegna akstursaðstæðna. Þessar aðstæður geta verið krappar beygjur, blindhæðir, brattar brekkur eða annað sem getur dregið úr umferðaröryggi vegfarenda. Aðrar aðgerðir sem hefur verið gripið til í þeim tilgangi að hafa áhrif á ökuhraða á þjóðvegakerfinu eru t.d. uppsetning hraðaviðvörðunarljósa og notkun sjálfvirkra hraðamyndavéla.

Á Íslandi eru aðstæður víða þannig að þjóðvegur liggur í gegnum þéttbýli. Við þær aðstæður blandast oft saman umferð á leið í gegnum þéttbýlið og sú umferð sem er á ferð innan þéttbýlisins. Hlutverk þjóðvega innan þéttbýlis er því margþættara en utan þess. Víða tengja þjóðvegir saman byggðarlög og því þarf að huga vel að greiðfærni, t.d. vegna vöruflutninga. Á sama tíma gegnir þjóðvegurinn mikilvægu hlutverki sem samgönguæð inni í þéttbýlinu sjálfu, gjarnan er þjónusta við veginn, stutt á milli gatnamóta og samsetning vegfarenda er fjölbreyttari en á þjóðvegum utan þéttbýlisins. Hraðakstur er oft vandamál á þessum stöðum og íbúar kalla gjarnan eftir lausnum sem stuðla að lægri umferðarhraða<sup>3</sup>.

Gagnvirkar hraðahindranir (e. active speed bumps) geta verið góð lausn við þessar aðstæður, þ.e. þar sem þarf að ná umferðarhraða niður til þess að auka umferðaröryggi og þar sem þarf að sama skapi að tryggja að vegur sé greiðfær fyrir stærri ökutæki sem sjá t.d. um vöruflutninga. Þetta rannsóknarverkefni er um ákveðna tegund af gagnvirkri hraðahindrun og mögulega staðsetningu á Íslandi fyrir þá lausn.

<sup>1</sup> Samgöngustofa. Hraðakstur, Bifreiðar og almenn fræðsla.

<sup>2</sup> Vegagerðin. (2010). Veghönnunarreglur 03 Vegferill.

<sup>3</sup> Vegagerðin. (2010). Þjóðvegir í þéttbýli, leiðbeiningar.